

Úrskurður

Agamál nr. 24/2019-2020

Viðburður: Leikur Álftaness og Vestra í 1. deild karla meistaraflokki, leikinn 17. nóvember 2019

Kæra: Kærð er framkvæmd leiks

Kærði: Álftanes

Kærandi/ur: Dómarar leiksins

Málavextir og málsmeðferð

Í atvikaskýrslu dómara kom fram að starfsmaður leiks hefði á meðan á leik stóð og eftir leik sýnt af sér ögrandi háttsemi í garð dómara leiksins, m.a. með því að hafa uppi ítrekaðar athugasemdir um störf þeirra. Á endanum fór það svo að annar aðili tengdur kærða reyndi að stöðva framkomu starfsmanns. Þá kom einnig fram í atvikaskýrslu dómara að eftir leik, þegar dómarar voru við ritaraborð að fara yfir leikskýrslu, hafi áhorfandi komist óáreittur að þeim og haft uppi athugasemdir um störf þeirra, án þess að nein öryggisgæsla hafi verið til staðar.

Athugasemdir kærða

Í athugasemdum kærða vegna málsins kom fram að ástæða væri til að biðja dómara afsökunar. Kærði leggði metnað í að hafa umgjörð leikja eins og besti verði á kosið og að málið verði tekið föstum tókum. Kærði hyggst í framhaldinu ræða við viðkomandi starfsmann vegna málsins og fara yfir með öllum starfsmönnum sem koma að leikjum kærða að gæta hlutleysis þegar þeir eru í hlutverki starfsmanna. Einnig hyggst kærði tryggja viðunandi gæslu á leikjum til að tryggja öryggi dómara og leikmanna á leikstað.

Rökstuðningur

Samkvæmt 7. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót bera félög ábyrgð á því að framkvæmd heimaleikja þeirra fari fram á eðlilegan hátt. Í því felst m.a. að starfsmenn leiks, sem félagið skipar, sýni háttvísi og hlutleysi á leikstað, tryggi öryggi dómara sem og aðskilnað áhorfenda frá starfsmönnum leiksins. Eins og atvikum er háttað í þessu máli liggur fyrir að hið kærða félag hefur ekki sinnt skyldum sínum.

Starfsmenn leikja ber að viðhafa hlutleysi eftir fremsta megni og dómarar leiksins eiga að geta treyst því að félagið tryggi öryggi þeirra. Í þessu máli liggur fyrir að starfsmaður leiksins sýndi af sér ósæmilega framkomu í garð dómara sem hann og félagið hafði ríkar skyldur gagnvart. Með vísan í ákvæði m. liðar 13. gr. reglna um aga- og úrskurðarnefnd, lagarök að baki því ákvæði og eldri fordæmi telur nefndin rétt að hið kærða félag hljóti áminningu. Einnig telur nefndin rétt að hið kærða félag greiði sekt að fjárhæð kr. 50.000 til KKÍ. Jafnframt krefst aga- og úrskurðarnefnd þess að hið kærða félag geri viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja betur öryggi dómara og annarra aðila sem koma að framkvæmd leikja.

Úrskurðarorð

Hið kærða lið, Álftanes, sætir áminningu og skal greiða sekt til KKÍ að fjárhæð kr. 50.000 vegna framkomu starfsmanns í garð dómara og skorts á gæslu á leikstað.

Hið kærða félag er gert skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja betur öryggi aðila sem koma að framkvæmd leikja.

Reykjavík, 1. desember 2019.

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður
Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður
Birkir Guðmundarson
María Káradóttir

Sérálit Kristins G. Kristinssonar

Undirritaður er í meginatriðum sammála niðurstöðu meirihluta nefndarinnar.

Undirritaður telur að í reglugerð um aga- og úrskurðamál (hér eftir reglugerð) séu starfsmenn á leikjum tilteknir sem sérstakir aðilar í framkvæmd leiks og tiltekið að úrskurðir nefndarinnar geti náð sérstaklega til þeirra sbr. 3. mgr. 3. gr. „Nefndin getur tekið ákvörðun um viðurlög samkvæmt lögum KKÍ, reglugerð þessari og öðrum reglugerðum KKÍ gagnvart aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum og öðrum þeim, sem eru innan vébanda aðildarfélaga Körfuknattleikssambands Íslands vegna brota þeirra á lögum KKÍ, reglugerðum KKÍ og öðrum reglum.“

Gert er ráð fyrir því í reglunum að starfsmaður geti hvort sem er verið gerandi í broti eða þolandi sbr. e-lið, h-lið og i-lið 13. gr.

Það er mat undirritaðs að þrátt fyrir að dómarar leiksins hafi ekki tiltekið sérstaklega í kæru sinni að umræddur starfsmaður væri einnig kærður auk heimaliðs þá hefði nefndin átt að kalla eftir upplýsingum frá félagi um umræddan starfsmann. Ekki sé hægt að ætlast til þess að dómarar í þessu tilviki hafi átt að afla upplýsinga til að uppfylla t.d. b-lið 3. mgr. 7. gr. reglugerðar og því sé eðlilegt að nefndin hafi kallað eftir þeim upplýsingum.

Undirritaður telur að nefndin hefði átt að kanna hvort umræddur starfsmaður félli undir 3. mgr. 3. gr. reglugerð um aga- og úrskurðamál þ.e. hvort hann væri innan vébanda aðildarfélaga Körfuknattleikssambands Íslands.

Ef umræddur starfsmaður fellur undir ofangreindan lið hefði nefndin, með vísun í j-lið og o-lið 13. gr. og 14 gr. reglugerðar, getað gert honum viðeigandi refsingu.

Eftir sem áður ber heimalið einnig ábyrgð í málinu sbr. úrskurð meirihluta sem undirritaður er sammála hvað varðar félagið.